

Safnasafnið

Icelandic Folk and Outsider Art Museum

---

2021



## Safnið

---

Safnasafnið var stofnað 1995 af þeim Nielsi Hafstein og Magnhildi Sigurðardóttur. Stofnendur hafa í rúm 30 ár safnað af ástríðu verkum helstu alþýðulistamanna landsins, listamanna sem af ýmsum ástæðum hafa verið á jaðrinum eða utanveltu við meginstrauma, stundum kallaðir *næfir* eða *einfarar* í myndlistinni, en eru í raun beintengdir sköpunarverkinu; sannir, óspilltir og frjálsir. Einnig er litið til lærðra listamanna sem fara sína eigin leið í listsköpun og sem fellur að sýningar- og söfnunarstefnu Safnasafnsins. Er gengið út frá því að verk allra listamanna í safneign og á sýningum standi á jafnréttisgrunni. Safneignin telur um 140.000 skissur og fullgerð listaverk, gerð af rúmlega 300 lærðum og sjálflærðum listamönnum, frá miðri nítjándu öld til dagsins í dag.

Sýningaraðstaðan samanstendur af gamla barnaskólanum, sem jafnframt var þinghús Svalbarðshrepps, og kaupfélagshúsinu Gömlu-Búð sem reist var árið 1900 á Svalbarðseyri en flutt á safnlóðina og endurgert. Voru þessi tvö virðulegu hús tengd saman með nútímalegri viðbyggingu og hafa frá árinu 2007 verið umgjörð fjölmargra áhugaverðra sýninga í 10 misstórum sölum og í alls um 500 fermetrum af sýningarrými. Skipt er um sýningar á hverju ári og verk úr safneign sett upp með nýjum áherslum í samspili við verk annarra listamanna sem er boðið til leiks. Áhersla er á að mynda skapandi flæði milli listaverka og sýningarsala og nýjar sjónlínur sem laða fram einstaka upplifun.

Safnasafnið stendur við Þjóðveginn ofan við Svalbarðseyri, austanmegin við Eyjafjörð, aðeins um 10 mínútna akstur frá Akureyri.



## The museum

---

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum was founded in 1995 by Niels Hafstein and Magnhildur Sigurðardóttir. For over 30 years the museum's founders have been passionately committed to collecting artworks by artists who have hitherto been seen as outside the cultural mainstream, often also called *naïve* or *brut* – artists who have a real and direct connection to an original creative spirit; true, unspoiled and free. The museum is unique in Iceland, initially collecting artworks by all major contemporary folk artists and autodidacts in Iceland, forming the core of the collection, while also gradually acquiring an excellent collection of art by professional artists, whose works cohere with exhibition and collection policies. It is of importance that all the artworks presented are on an equal footing, in exhibitions as well as the col-

lections. The core collection consists today of about 140,000 artworks and sketches by over 300 artists, dating from the mid-19th century to the present.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum's exhibition space consists of two adjoining vintage buildings with a local history; one is the former elementary school and community centre, while the other was built in 1900 to house the district's first cooperative store. The museum has 10 separate galleries of various sizes, a total of 500 square metres of exhibition space. Each year there is a new set of exhibitions in the museum, featuring works from the collection in interaction with visiting works of art. The emphasis is on creative flux between artworks and artists and extended lines of sight evoking a unique experience.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum is located in North Iceland, near Svalbarðseyri on the eastern side of Eyjafjörður, just about 10 minutes' drive from the town of Akureyri.





## Útiverk og anddyri

Hávaxni safnvörðurinn bláklæddi var gerður af listahópnum *Huglist* árið 2009 og hefur staðið vaktina síðan í öllum veðrum. Við innganginn er sýnt málverk eftir Eggert Magnússon og höggmynd eftir Hauk Halldórsson sem sýnir guðinn Þór lyfta Miðgarðsormi í kattarlíki. Verk Ragnars Bjarnasonar frá Öndverðarnesi taka síðan fagnandi á móti gestum á hlaði og í anddyri safnsins, en þau eru úr járnbentri steinsteypu sem hann málaði og kom upphefuga fyrir í garði sínum í Eikjuvogi 26 í Reykjavík.

Í anddyrinu eru sýnd verk eftir börn í Valsárskóla á Svalbarðsströnd og einnig kynnt verk úr safneign; tréskúlpútur eftir Aðalheiði S. Eysteinsdóttur, litblýantsteikningar eftir Ásgeir Ísak Kristjánsson, teikningar eftir Nonna Ragnarsson, tréskúlpútar eftir Ragnar Hermannsson og vatnslitamyndir eftir Svövu Skúladóttur.

Við sólpall að vestan er tréskúlpúturinn *Bæn* eftir Hjalta Skagfjörð Jósefsson.

## Works out of doors and in foyer

The tall figure in a blue suit who welcomes the museum's guests upon arrival was made by the *Huglist* group in 2009. By the entrance is a painting by Eggert Magnússon, as well as a sculpture by Haukur Halldórsson showing the Norse god Þór (Thor) lifting a cat. Sculptures by Ragnar Bjarnason from Öndverðarnes also greet the museum's guests as they enter, both outdoors and indoors. Ragnar's works are made from reinforced concrete, which he painted and displayed originally in his garden in Reykjavík.

In the foyer works are presented by the children from Valsárskóli elementary school, together with works from the museum's collection: wood sculptures by Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, colour pencil drawings by Ásgeir Ísak Kristjánsson, drawings by Nonni Ragnarsson, wood sculptures by Ragnar Hermannsson and watercolours by Svava Skúladóttir.

By the veranda is the sculpture *Prayer* by Hjalti Skagfjörð Jósefsson.



## Brúðsafnið

---

Þessi hluti Safnasafnsins sýnir brúður íklæddar þjóðbúningum frá öllum heims-hornum. Brúðurnar á sýningunni eru 400 talsins en í safneign eru alls um 800 gripir. Innlendir sem erlendir gestir hafa ánægju af að finna brúður frá heimalandi sínu og fræðast um leið um aðrar þjóðir.

### Kærastafólkið

Í ár er í brúðustofunni sérsýning á verkum eftir Jonnu (Jónborgu Sigurðardóttur). Fólkið er þrjónað úr garnafgöngum og saumað út í andlitin svo hvert og eitt fái sérstakt útlit. *Kærastafólkið* er barnslegt en hefur samt öðlast margs konar reynslu og búa andlitin yfir blæbrigðum einlæggra tilfinninga og heillandi persónuleika.

## The Doll Room

---

Safnasafnið holds a permanent collection of national costume dolls from all over the world. Of about 800 dolls in the collection, 400 are on display. The museum's visitors enjoy finding dolls belonging to their homeland, as well as learning about other nations.

### The Significant Others

This year the Doll Room houses a temporary exhibition by Jonna (Jónborg Sigurðardóttir). These are figures knitted from leftover yarn with embroidered features to give each face an individual appearance. *The Significant Others* are child-like, though they have acquired a great deal of experience, and present sincere emotions and charming personalities.



### Augu sem leynast í landinu

Sigurður Einarsson (1918–2007) listmálari frá Selfossi hóf að mála þegar hann var um sextugt og sinni þeirri iðju af mikilli elju til hinsta dags. Vöktu málverk hans snemma athygli stofnenda safnsins sem heilluðust af og festu kaup á verkum. Á síðasta ári hlaut Safnasafnið rausnarlega gjöf frá sveitarfélagi Hornafjarðar, rúmlega 300 málverk eftir Sigurð bættust við safneignina og mynda nú sterka heild sem hér er sýnt úrval úr í Vestursal.

Verk Sigurðar einkennast af sterkri náttúruskynjun, sérstæðri nálgun og innsýn í íslenskt landslag, sem myndar andlit manna, dýra og fugla sem snertast og umbreytast í sífellu.

Málverk Sigurðar vísa í þjóðsögur og ævintýri sem hafa lifað með þjóðinni frá örófi alda; sögur um undur sem bíða í djúpum hvömmum eða álfa sem dansa í döggvotu grasi, en ofar í fjöllunum kastast hlátraskellir trölla og óvætta milli kletta og gljúfraveggja og viðhalda trú á hið yfirskilvitlega sem er fyrirferðarmikið í hugskoti fólks.

Í Vestursal má einnig líta verk eftir Guðjón Ketilsson og Maríu Sjöfn Dupuis Davíðsdóttur sem mynda leikandi samspil við kynjamyndir Sigurðar.

### The land of hidden eyes

Sigurður Einarsson (1918–2007) from Selfoss started painting when he was around sixty and practised his art passionately until his death. His art caught the attention of the museum's founders many years ago, and they acquired a number of works. In 2020 the town of Hornafjörður in East Iceland donated over 300 paintings by Sigurður to the museum, and now a fine selection from the whole collection is presented.

Sigurður's paintings are remarkable for their unique and personal insight into the landscape, as it forms faces of humans, animals and birds that touch in perennial transformation.

Sigurður's paintings evoke legends and fairy-tales from time immemorial and phenomena lurking in the foggy murk of deep dark dells – elves dancing in the dewy grass while the roaring laughter of trolls and monsters echoes from canyons and cliffs, sustaining the awareness of supernatural entities that is so deeply rooted in the nation's consciousness.

The exhibition also includes works by Guðjón Ketilsson and María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir in colloquy with Sigurður's fantastical images.



## Exhibitions 2021

---

### Sólheimar 90 ára

Hið óviðjafnanlega sjálfbæra samfélag að Sólheimum í Grímsnesi fagnaði 90 ára afmæli árið 2020. Listaverk eftir listafólkið sem búsett er að Sólheimum hafa löngum heillað þá sem hrifast af hispursleysi og einlægni sem einkennir verkin, þeirra á meðal stofnendur Safnasafnsins sem áttu þegar við stofnun þó nokkurn fjölda listaverka eftir listafólk búsett að Sólheimum. Var þannig frá upphafi lagður grunnur að blómstrandi samskiptum með reglulegum sýningum í Safnasafninu í samstarfi við Sólheima. Af einstakri rausn listafólksins hafa mörg verk verið gefin til safnsins að afloknum sýningunum og þegar litið er yfir farinn vegg er gaman að sjá fjölbreytnina í verkum listafólksins og skynja kraftinn og gleðina sem býr að baki. Sýningin er framlag Safnasafnsins til hátíðarinnar *List án landamæra* árið 2020 og 2021.

### Sólheimar Ecovillage celebrates its 90<sup>th</sup> anniversary

The unique ecovillage at Sólheimar in South Iceland, a sustainable community known for its artistic and ecological ambience, celebrated its 90th anniversary in 2020. At Sólheimar around 100 people live and work together, growing vegetables and creating artworks in painting, woodwork, weaving, candlemaking and ceramic workshops. The founders of Safnasafnið were long ago drawn to these enchanting artworks, and long before they founded the museum they had already acquired works by some of the artists living at Sólheimar. This was the beginning of a fruitful collaboration between the two institutions, with the museum regularly hosting exhibitions by artists from Sólheimar. Often the artworks on display were then donated to the museum, and over the years a fine collection has been built up, showing the great variety and joyful creativity of the artists. This exhibition was the museum's contribution to the annual art festival *Art Without Borders* in 2020 and 2021.





### Gaurinn sem þrjónar málverk

Loji Höskuldsson hefur vakið eftirtekt fyrir glettin útsaumsverk þar sem teft er saman kunnuglegu og hversdagslegu myndefni í nýju og óvæntu samhengi.

„Í verkum mínum notast ég við tækni sem er byggð á gömlum útsaumshefðum en blanda þeim síðan saman við þann veruleika sem við búum við í dag. Ég er oft spurður að því hvort ég sé gaurinn sem „þrjónar“ málverkin. Mér finnst mjög heillandi að nýta spor sem hafa verið saumuð í dúka og klæði á liðnum öldum og beita sömu aðferðum í túlkun minni á nútímanum, til dæmis ruslafötu sem hefur lent í flugeldaárás á gamlárskvöldi. Á sýningunni í Safnasafninu langar mig að vinna áfram með slíkar myndir mínar, þar sem feður hversdagsleikans er saumuð út í rómantískar hugmyndir borgarbarnsins um sveitina og fortiðarþrána.“

### That dude who knits paintings

Loji Höskuldsson has been noted for his inventive and playful embroidery, where everyday motifs are juxtaposed to create a new and often humorous context.

He explains his art in this way:

“My technique is based on time-honoured embroidery traditions melded with the reality of today. People often ask me if I am that dude who “knits” paintings. I find it fascinating to utilise stitches sown into cloths and fabrics through the ages and apply the same methods to interpreting modern times, for example a trash can that has been blown up by fireworks on New Year’s Eve. For my exhibition in Safnasafnið I want to keep working with such pictures, where the beauty of daily life is embroidered in the city child’s nostalgia and romantic ideas about the countryside.”





## Exhibitions 2021

---

### **Það þarf ekki allt að vera beint**

Helga Páley Friðbjófsdóttir hefur unnið verk sín í fjölbreytilegan efnivið með teikningu sem grunnstef og útvíkað mörk miðilsins svo falli að viðfangi hennar hverju sinni.

„Ég fæ oft þá tilfinningu í upphafi skapandi vinnu að ég sé að koma til nýrrar borgar, það þarf hugrekki til að ganga um þessa borg þar sem ég er ekki með kort. Eina leiðin til að kynnst henni er að leyfa forvitninni að ráða ferðinni, borgin kemur stöðugt á óvart. Ef ég týnist má ég ekki stansa því leiðin út úr óvissunni er að halda áfram, ekki staðna. Að lokum mun ég vita hvert ég er að fara. Þessa stundina er ég stödd í mjög litríkri og óreiðukenndri borg þar sem strætin eru hellulögð með hvítum gífsflísum. Ég mun vonandi á endanum teikna kort til að deila með gestum sem vilja kynnst þessari framandi borg.“

### **Not everything has to be linear**

Helga Páley Friðbjófsdóttir uses drawing as the foundation for her artistic works, taking form in different media to suit her goals and purposes.

“When embarking on a new project, I often feel as if I am arriving in a city for the first time. It takes courage to walk the streets since I do not have a map. The only way to get to know the area is to let my curiosity guide me from one surprise to another, but if I get lost I must not stop. The best way out of uncertainty is to keep going, not to stand still. In the end I will know my destination. At the moment I find myself in a very colourful and chaotic metropolis. The avenues are paved with white tiles of plaster. I am hoping to eventually be able to draw a map to share with guests who want to experience this unfamiliar city.”



## Bókastofa

---

Í bókastofunni eru ógrynni bóka og fræðiriti um flestar helstu listgreinar, svo sem myndlist, hönnun, arkitektúr, textíl og handverk. Fræðafólk og áhugamenn geta þar einnig fengið aðgang að upplýsingum um safneign og sýningarhald, ritgerðum og rannsóknum Safnasafnsins á alþýðulist og sérstæðum listamönnum.

Í bókastofunni eru í ár sýnd verk í safneign; grímur eftir Vilmund Þorgrímsson gerðar úr fuglabringum og öðrum náttúrulegum efnum, og klippimyndir eftir Örn Karlsson, en Örn gaf Safnasafninu nýlega myndverk sín til varðveislu og umfjöllunar.

## The Library

---

The museum library contains hundreds of books and vast source material about visual arts, design, architecture, textile and crafts. It also includes source material about the museum, its exhibitions since the outset, the collection, various papers on outsider art and artists, as well as the museum's own research and documentation.

This year the display in the library consists of works from the museum's collection – including masks by Vilmundur Þorgrímsson made from the breast-bones of birds and other organic materials, as well as collages by Örn Karlsson, who recently donated his works to Safnasafnið for preservation, study and presentation.



## Verslunin

Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co var í Austurstræti í Reykjavík og í eigu sömu fjölskyldu frá 1907 til 2006 þegar hún var lögð niður. Í dag eru innréttingarnar notaðar sem umgjörð um sýningar tengdar textíl, hannyrðum og handverkshefðum.

### Saumað með þræði tímans

Í ár eru sýnd í versluninni peysuföt sem Magnhildur Sigurðardóttir saumaði árið 2005. Þau eru úr ullarefni, húfan úr flaueli, en svantan, slífsið og skúfurinn úr silki.

Þá eru sýnd um 230 ilmvatnsglös sem Sara Hólm á Akureyri gaf safninu 2018. Glösin eru frá helstu tískuhúsum veraldar og hönnuð af heimsþekktum listamönnum, þar á meðal Salvador Dali og Pablo Picasso.

## The Store

The Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co shop was located in Austurstræti in Reykjavík, in the ownership of the same family from 1907 to 2006, when it closed down. Today the interior fittings are used as a setting for craft- and textile-related exhibitions.

### Sewing with the thread of time

This years exhibiton in the shop shows a version of the Icelandic national costume for women, *peysuföt*, by Magnhildur Sigurðardóttir. Magnhildur sewed this fine example in 2005 and it is made from wool-len cloth, the cap is velvet, and the apron, kerchief and tassel are silk.

Also on display in the shop are 230 perfume bottles, donated by Sara Hólm in 2018. The bottles are from major fashion brands of the world, designed by world-renowned artists including Salvador Dali and Pablo Picasso.



### **Pvilkasafnið og Boðberi skynvitanna**

Bjarni H. Þórarinsson er löngu landsþekktur fyrir myndverk sín sem byggja á vísindalegu kerfi sem myndbirtist í fögrum rósættuðum teikningum. Stofn kerfisins er *Bendan*, hugtak sem vísar í margar áttir, hún er eðli, háttur, hugur, sál, tilfinning, form og efni, bæði lykill og lás, myndlykill, ritlykill og hljómlykill sem opna ýmsar leiðir til skilnings. Kallar Bjarni sig *Boðbera skynvitanna* en aðferð sína *Benduvísifræði*. Heildarsafn verkanna ber heitið *Pvilkasafnið*.

*Vísirósín* er miðflötur þar sem myndvísi, tónvísi og rökvísi eiga samleið í tungumáli sem er skipað niður í strangri reglu innan rýmisins. Þar ríkir kjarninn í finlegum línum, fjölbreyttum litum og hrynjandi orðanna. Verkin á sýningunni fela í sér *Vísiakademíu*, sjónhátt og menningarstíl, þekkingarver, sjónver og sjónþing.

Goddur (Guðmundur Oddur Magnússon) hefur unnið með Bjarna H. Þórarinssyni til margra ára, tekið fjölda ljósmynda af honum og skrásett gjörninga hans, ásamt því að hanna veggspjöld fyrir sýningar og sjónþing Bjarna. *Vísirósínar* litfögru á sýningunni eru samvinnuverk Godds og Bjarna.

### **Such-a-collection and Messenger of the senses**

Bjarni H. Þórarinsson is long renowned for his delicate drawings, with long lists of rhyming words merging into flowerlike images. The system stems from the *Benda*, a concept that points in many directions; it is essence, mode, mind, soul, emotion, form and substance. It is both key and lock, a visual key, a grammatical key and an aural key that open up several paths to understanding. Bjarni has named his philosophy *Benda-Visio-science* and calls himself the *Messenger of the senses*. The collection of his works bears the name *Such-a-collection*.

The *Visio-Rose* is a central plane where aptitudes for image, sound and logic coexist in a language that is arranged within the space according to a strict order. Its essence reigns through delicate lines, varied colours and the cadence of words. This exhibition centres around the so-called *Visio-Academy*, visual mode and cultural style, knowledge centre, visual centre and visual congress.

Goddur (Guðmundur Oddur Magnússon) has worked with Bjarni H. Þórarinsson for many years, photographing him and documenting his performances. The colourful *Visio-Roses* are collaborative works made by Goddur and Bjarni.







### **Tjáning augnabliksins í litum og áferð**

Í innra rými verslunarinnar, svokallaðri Suðurstofu, sýnir Guðrún Pálína Guðmundsdóttir andlitsmyndir málaðar með akrýllitum. Hún túlkar með markvissri litanotkun og einfaldri teikningu þá margbreytilegu fegurð sem býr í fyrirmyndunum; fólki með fjölbreytta reynslu, lífsviðhorf, stöðu og uppeldi. Líkt og fyrirmyndirnar sjálfar þá eru sum andlitin innhverf og búa yfir ákveðinni dulúð en önnur ágeng og krefjandi og kalla á augnsamband.

### **A moment in time expressed through colour and texture**

In the shop's inner area, the South Room, is an exhibition by Guðrún Pálína Guðmundsdóttir. The expressive qualities of her acrylic portraits are manifested by simplified drawing and purposeful choice of colour, showing the inner life and diverse characters of her models, who are people with varied experience, philosophy, status and upbringing. Some of Guðrún Pálína's portraits are, like those they represent, serene and thoughtful, while others are importunate and demand eye contact.



## Exhibitions 2021

---

### List mín á sér djúpar rætur í ástinni

Berglind Ágústsdóttir er þekkt fyrir frumlegan tónlistarflutning og kraftmiklar innsetningar þar sem teikning er jafnan í forgrunni. List hennar má helst líkja við skapandi flæði þar sem hún notar sjálfa sig, teikningar, liti, skúlptúra, myndbönd, innsetningar, gjörninga og tónlist til að miðla því sem henni líggur á hjarta.

Verk Berglindar í Safnasafninu tjá gleði og ást í samspili við fjölbreyttar hreyfingar manna og dýra í skærum litum.

### My art is deeply rooted in love

Berglind Ágústsdóttir is known for her original installations where music and drawings play a central role. Her art can best be described as a creative flow where she uses drawings, paintings, sculptures, videos, installations, performances and music, combined with her personal presence, to express what lives in her heart.

Berglind's exhibition here at Safnasafnið radiates joy and love, together with varied gestures of humans and animals, portrayed in bright colours.



### Með Guði á jaðri tilverunnar

Peter Michael Micari (1943–2017) var Bandaríkjamaður sem rúmlega fimmtugur flutti til Íslands árið 1994 og kunngerði að hann væri nývígður grísk-katólskur biskup, með leyfisbréf í farteskinu, hingað kominn til að flýja öfgana í heimalandinu, miðla af þekkingu sinni og leiða menn í allan sannleika á andlega sviðinu. Micari bjó um tíma í Kaupfélagi Svalbarðseyrar og síðan á Akureyri í eitt ár, en festi haustið 1995 kaup á Kvennahóll á Fellsströnd í Dalasýslu þar sem hann bjó einlífi. Eftir hann standa sérkennileg myndverk einlægs listamanns sem orka sterkt á hugann því list hans lýtur eigin lögmálum. Micari hannaði búninga, húfur og hálsfestar sem tilheyrðu biskupsskrúða hans, en einnig gerði hann áhrifamikil trúarleg myndverk úr frímerkjum.

Á sýningunni má einnig sjá í samspili við verk Peter Michael Micari röð ljósmynda eftir Godd (Guðmund Odd Magnússon) sem sýna Micari við ýmsar helgiathafnir.

### With God on the edge of existence

Peter Michael Micari was an American eccentric who in 1994, at the age of 51, moved from the US to Iceland, proclaiming that he was a newly-ordained Greek Orthodox bishop, escaping the extremes rampant in his native country and here to share with the Icelandic people his spiritual insight. Micari lived for a while in the Svalbarðseyri Co-op building, then spent a year in Akureyri, finally buying the farm Kvennahóll on Fellsströnd in West Iceland where he lived as a hermit. Micari's artistic expression can be seen in the episcopal robes he designed and adorned, with mitres and engolpions. But most impressive are the religious pictures he made from postage stamps.

For this exhibition Goddur (Guðmundur Oddur Magnússon) has transformed a series of photographs portraying Peter Michael Micari while engaged in religious ceremonies.





## Exhibitions 2021

---

### Hérna bý ég og mér líður vel

Arna Guðný Valsdóttir er þekkt fyrir ljóðrænar innsetningar með myndböndum og tónlist. Arna sýnir gjörning sem hún hefur útfært í margvíslegu listrænu samhengi undanfarna áratugi. Upphaf verksins er lítið lag og texti sem hún samdi árið 1989:

*Hérna bý ég og mér líður vel  
Hér er hlýtt, hér er gott  
ég held ég verði hér alltaf*

„Verkið er einkonar leit að samastað í tilverunni. Ég velti upp þeirri spurningu hvaða þýðingu hugmyndin um „heim“ hefur í lífi okkar, þörfin fyrir að tilheyra ákveðnum stað, svo sem heimili, fjölskyldu og samfélagi, jafnvel hugmyndum. Í verkinu er lágstemmd kaldhæðni sem kemur fram þegar ég hreiðra um mig og syng. Síðan þakka ég saman og held á næsta stað líkt og farfluglarnir.“

### This is my home and I like it here

Arna Guðný Valsdóttir is renowned for her lyrical installations with videos and music. She shows here a work she has performed in many contexts and in various places over the last thirty years. It originates in a little song Arna wrote in 1989:

*This is my home and I like it here  
It's warm, it's safe  
I think I'll stay here forever.*

“The presentation embodies my search for a place to call my own. I am exploring the meaning of “home” in our lives, the need to belong in a specific neck of the woods – a house, family, society or even a particular ideology. This performance is characterised by a subtle irony that becomes evident when I curl up and start singing. Then I pack my things and move on to the next destination like a migrant bird.”



## Samstarf / Collaboration

### Samstarf við skóla

Árlega efnir Safnasafnið til samstarfs við grunn- og leikskóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Þetta samstarf er hugsað til þess að efla listrænan áhuga og hugmyndaflug barnanna frá unga aldri, en einnig er safninu heiður og ánægja að þátttöku þeirra, lífsgleði og sköpunarkrafti. Í ár sýna börnin í leikskólanum Álfaborg verk sín í blómastofunni inn af brúðusafninu og börnin í Valsárskóla sýna verk sín í anddyrinu. Í ár gerðu gerðu börnin andlit fólks og dýra, enda er það í anda sumarsýninganna að þessu sinni.

### Collaboration with schools

The museum collaborates annually with schoolchildren from the Eyjafjörður district. The purpose of this collaboration is to foster from an early age the children's imagination and interest in art; the museum is also honoured by their participation and takes pleasure in sharing their cheerfulness and joy of creation. This year the children at the local Álfaborg preschool show their works in the flower conservatory adjacent to the doll collection, and pupils at Valsárskóli elementary school show their works in the foyer. This time the emphasis was on the faces of people and animals, in keeping with this year's exhibitions in the museum.



## Íbúð / Apartment

### Fræðimannsíbúð

Í Safnasafninu er starfrækt fræðimannsíbúð. Íbúðin er 67 m<sup>2</sup>, með séringangi og útbúin húsgögnum og eldunaraðstöðu. Íbúðin umvefur fólk með hlýju andrúmslofti liðins tíma og daðrar við sjóntaugarnar. Fræðimenn hafa aðgang að bókasafni og rannsóknnum Safnasafnsins samkvæmt samkomulagi. Auk þess geta aðrir áhugasamir leigt íbúðina allt árið um kring, nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins, [www.safnasafnid.is](http://www.safnasafnid.is)

### Scholar's apartment

A scholar's apartment at the Icelandic Folk and Outsider Art Museum is available to researchers. The residence is a 67m<sup>2</sup> apartment with private entrance, furnished and with a fully equipped kitchen. It can sleep 1-5 people. Scholars/researchers have access to the museum library and the museum's own research material by agreement. The apartment is available for rent all year round, also by others than scholars when available. For more information see the museum website, [www.safnasafnid.is](http://www.safnasafnid.is)



## Safnasafnið

Svalbarðsströnd, 601 Akureyri

www.safnasafnid.is

© Safnasafnið 2021

## Sýningarstjórar / Curators

Anna Heiður Oddsdóttir, Niels Hafstein,

Magnhildur Sigurðardóttir, Þórgunnur Þórsdóttir

## Ritstjóri / Editor

Unnar Örn

## Textar / Texts

Anna Heiður Oddsdóttir,

Harpa Björnsdóttir, Niels Hafstein

## Þýðing / Translation

Anna Heiður Oddsdóttir, Anna Yates

## Prófarkalestur / Proofreading

Harpa Björnsdóttir

## Stjórn Safnasafnsins / Board of trustees

Niels Hafstein, Magnhildur Sigurðardóttir, Harpa

Björnsdóttir, Margrét M. Norðdahl, Starkarður

Sigurðsson, Unnar Örn, Þórgunnur Þórsdóttir.

## Forsíðuverk / Work on cover

Sigurður Einarsson (1918–2007)

## Ljósmyndir / Photographs ©

Daníel Starrason, Arna Valsdóttir,

Loji Höskuldsson, Helga Páley Friðþjófsdóttir

## Hönnun / Design

Ármann Agnarsson

## Prentun / Printing

Litróf

## Upplag / Print run

2500

## Undirbúningur, aðstoð og þakkir /

### Preparation, assistance and thanks

Becky Forsythe, Berg Contemporary / Ingibjörg

Jónsdóttir, Björg Erlingsdóttir, Björgvin Sandholt

Guðmundsson, Bryndís Símonardóttir, Cormac

Walsh, Friðrik Á. Brekkan, Guðrún Björg

Ragnarsdóttir, Gunnhildur Hauksdóttir,

Gyða Dröfn Árnadóttir, Haraldur Nielsson,

Inga Árnadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,

Jenný Jóakimsdóttir, Jón Ársæll Jónsson,

Kári Schram, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Linda

Stefánsdóttir, Ragnheiður Þóra Ragnarsdóttir,

Sigríður Ágústsdóttir, Snorri Ásgrímsson,

Steingrímur Jón Þórðarson, Stefán Sigríðarson

Tryggvason, Stefán Sveinbjörnsson, Steinn

Karlsson, Sveinbjörg Karlsdóttir, Tómas Jónsson,

Unnur Sigrún Jónsdóttir, Þórunn Elisabet

Sveinsdóttir.

Allar ljósmyndir, listaverk, texti og annað efni

er verndað skv. íslenskum og alþjóðlegum

höfundarréttarlögum. Rit þetta má ekki afrita

með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun,

hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta

eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda

All photographs, artworks and text are protected

under Icelandic and International Copyright

Conventions. All rights reserved, including the right

to reproduce this publication or any portions thereof,

in any form, except for brief quotations in a review or

by written permission by the authors and publisher

## Gjafir / Donations 2020–2021

### Eftirtaldir listamenn gáfu verk eftir sig

til safnsins / The following artists donated their

own works to the museum: Ásta Ólafsdóttir,

Bjarni H. Þórarinnsson, Guðjón Ketilsson,

Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Guðmundur

Oddur Magnússon, Haukur Halldórsson, Hreinn

Friðfinnsson, Loji Höskuldsson og Kristján Ellert

Arason, Magnús Logi Kristinsson, Margrét M.

Norðdahl, Örn Karlsson.

### Einnig bárust safninu verk eftir / Other gifts to the Museum, works by: *Hjálmar Stefánsson frá Smyrlabergi (1913–1989)* — gefendur / donated by

Bjarni Pálsson, Hulda Leifsdóttir og Björk Bjarnadóttir.

*Sólva Helgason (1820–1898)* — gefendur / donated by

Birgitte Herbert Nielsen, Kirsten Herbert Rønnebek

og Lisbeth Herbert Møller

### Aðrar gjafir / Other donations by:

Auður Hildur Hákonardóttir, Egill Jónsson

og Herdís M. Júlíusdóttir, Friðrik Á. Brekkan,

Harpa Björnsdóttir, Magnús Skúlason, Sigurrrós

Pétursdóttir, Unnar Örn, Valdimar Sverrisson.

## Þakkir vegna samstarfs og stuðnings / Thanks for collaboration and support

Safnaráð / Museum Council of Iceland

Svalbarðsstrandarhreppur /

The Municipality of Svalbarðsströnd

Myndlistarsjóður / Art Council Iceland

Gunnar Dungal og Þórdís Alda Sigurðardóttir

María Hrónn Gunnarsdóttir og Hörður Kristjánsson

List án landamæra / Art Without Borders

Listamenn, skólar, velunnarar, aðstoðarfólk,

fjölmiðlar, gestir og listvinir / Artists, schools,

supporters, assistants, media, visitors and art lovers



SVALBARÐSSTRANDAR  
HREPPUR



SAFNARÁÐ  
The Museum Council of Iceland

Myndlistarsjóður  
Icelandic Visual  
Arts Fund



## Sýningar / Exhibitions 2021

Sigurður Einarsson

+

Guðjón Ketilsson

María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir

+

Helga Páley Friðþjófsdóttir

Loji Höskuldsson

+

Sólheimar / Sólheimar ecovillage

171 verk / works – 21 listamenn / artists

Haukur Halldórsson / Ragnar Bjarnason

Eggert Magnússon

+

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir / Ásgeir Ísak

Kristjánsson / Nonni Ragnarsson

Ragnar Hermannsson / Svava Skúladóttir

+

Hjalti Skagfjörð Jósefsson

+

Leikskólinn Álfaborg / Álfaborg preschool

Valsárskóli / Valsárskóli elementary school

+

Brúðusafn / Doll collection

Jonna (Jónborg Sigurðardóttir)

+

Huglist

+

Bjarni H. Þórarinnsson

Goddur (Guðmundur Oddur Magnússon)

+

Arna Valsdóttir

+

Peter Michael Micari

+

Berglind Ágústsdóttir

+

Vílmundur Þorgrímsson

Örn Karlsson

+

Magnhildur Sigurðardóttir

+

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir



Safnasafnið

The Icelandic Folk and

Outsider Art Museum

+ 354 461 4066

safngeymsla@simnet.is

www.safnasafnid.is

Social media: #safnasafnid

Opið / Open

08.05.–12.09.2021

**Opnunartími / Opening hours 10:00–17:00**

Tekið er á móti hópum eftir samkomulagi

Group visits by arrangement



SAFNARÁÐ

The National Council of Iceland